


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sambýkkt:SHJ		
Síða 1 af 2	MYL113	
	Hönnun og hugmyndavinna	
	Kennsluáætlun vor 2014	

Áfangalýsing

Í áfanganum kynnist nemandinn ákveðnum aðferðum til þess að **virka hugmyndir sínar og þróa**. Nemandinn lærir að gera **hugkort** og beita fjölbreyttum aðferðum við hugmyndavinnu. Hann notar **hugstormun (brainstorming)** til þess að **fanga hugmyndir og virka hugmynda tengsl**. Lögð er áhersla á **þróun hugmynda** og **leit eftir nýjum sjónarhornum/samhengi** sem er grundvallarþáttur í allri hönnun. Nemandinn skoðar **margvíslegar útfærsluleiðir** og vinnur **innsetningarverk (Installation)** í rými skólans.

Nemandinn:

- ❖ Hannar eigin hugmyndamöppu
- ❖ Safnar hugmyndum í hugmyndabanka og skráir eigið vinnu og hugmyndaferli
- ❖ Leysir 3 stærri hönnunarverkefni
- ❖ Gerir tilraunir

Markmið í áfanganum á nemandinn að...

- sýna **opna, leikandi og leitandi hugsun**
- **skýra hugmyndir sínar** á munnlegan, skriflegan og myndrænan hátt
- vinna **hugmyndavinnu í hóp**
- ná tökum á **ferlinu hugmynd - úrvinnsla - afurð**
- sýna hæfni til að **þróa hugmyndir**
- sýna **sjálfstæði, frumkvæði og hugmyndaauðgi í vinnubrögðum**
- þekkja hugtökin **hugkort, hugstormun, þemavinna, synektík**
- vinna **innsetningarverk og videomálverk**
- **Læra að þekkja eigið hugmyndavinnu ferli**

Fyrstu 2 vikur annarinnar eru gerðar æfingar til að virka hugmyndaflugið og “fangar” hugmyndir. Unnið er markvisst með „**Brainstorming**“ eða “**Hugstormun**” og **Þemahugsun/vinnu**. Mikið er lagt upp úr **hraðri skissuvinnu** og **hugkortagerð**.

Í framhaldi er áfanganum skipt í **3 lotur** þar sem nemendur vinna **3 stærri hugmynda verkefni** og ýmis **smærri verkefni**. Mikið er lagt upp úr **persónulegri útfærslu á hugmyndum** og því að nemendur nýti **eigin færni og þekkingu til framsetningar og beiti** þar öllum tiltækum miðlum.

Allt vinnuferli á að vera sýnilegt í lok áfanga. Skráið hjá ykkur hvar **hugmyndir fæðast og hvernig þær þróast**. Geymið allt riss og skissur, takið ljósmyndir skráið ferlið með öllum tiltækum ráðum. Geymið **ALLAR** hugmyndir, ekki bara þær sem þið vinnið meira með. **LÍKA ÞÆR SEM VIRÐAST EKKI MERKILEGAR!**

Möguleg viðfangsefni og mikilvæg hugtök: Hugmynd- Ímyndunarafl- Hugstormun þankahríð- Brainstorming- Synektík- Portfolio- Litur- Form- Lína- Tími- Kraftur- Krot- Spuni Tilviljun- Mistök- Rými- Rýmisskynjun- Rýmið sem myndflötur- Innsetningarverk- Installations Time based arts- Kyrr mynd- Hreyfimynd- Kvikmynd- Hljóðmynd- Ljósmynd- Gagnvirkni- Ljósskúlptúr- Hljóðskúlptúr- Videoverk- Myndbandsverk- Hönnun- Gjörningar

